

8. ágúst 2010.

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða. Þskj. 1280 – 660. mál.

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS) hefur kynnt sér frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða. Þskj. 1280 – 660. mál.

NSS telja frumvarpið jákvætt skref, svo langt sem það nær, til að nálgast lausn á því umdeilda deilumáli sem hér um ræðir. Frumvarpið er þó allt of seint fram komið, það hefði átt að fá afgreiðslu Alþingis á sl. vetri. Mörg sveitarfélög eru með breytingar á aðalskipulagi í vinnslu sem skarast geta við niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar sem lögum um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða er væntanlega ætlað að taka á.

NSS vilja ítreka þá skoðun að besta leiðin til að komast skrefi nær sáttum varðandi nýtingu náttúruauðlinda er að náttúruvernd, sem kostur til nýtingar, hafi sama vægi og nýting til orkuvinnslu. Umrætt frumvarp – rétt eins og rammaáætlun um vernd og nýtingu - tekur meira tillit til nýtingar orkukosta en til náttúruverndar og annarrar sjálfbærrar nýtingar s.s. útivistar og ferðamennsku.

NSS vilja benda á nokkur atriði í frumvarpinu til umræðu við vinnslu frumvarpsins.

3.gr.

“ Verndar- og nýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn skv. 8. gr. hefur fjallað um og hafa uppsett rafafi 10 MW eða meira eða uppsett varmaafi 50 MW eða meira”.

NSS vekja athygli á að minni virkjanakostir með rafafi undir 10 MW eða varmaafi undir 50 MW geta haft mikil og ófyrirséð umhverfisáhrif og jafnvel breytt þeim forsendum sem rammaáætlun byggir á.

Sem dæmi má nefna að skilgreindur virkjanakostur í fallvatni, skv. rammaáætlun, gæti flokkast í verndarflokk og fengið viðeigandi friðlýsingu. Landeigandi að sama fallvatni gæti á sama tíma undirbúið og nýtt virkjanakost undir 10 MW án afskipta viðkomandi stjórnvalda þar sem slíkir virkjanakostir falla ekki undir verkefnisstjórn skv. 8. grein.

NSS telja að allir virkjanakostir, að undanskyldum smá raf- eða varmaafsvirkjunum sem eingöngu eru til einkanota, eigi skilyrðislaust að fá umfjöllun verkefnisstjórnar skv. 8. grein.

5. gr.

Í 3. mgr. hefst þannig: „Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki ...“

Rannsóknir á afkastagetu jarðhitasvæða verða ekki gerðar öðruvísi en að þeim fylgi varanlegt rask og mannvirkjagerð, þ.e. vegir með mikið burðarþol og stór borplön. Ekki er hægt að fallast á að fram fari rannsóknir á svæðum í biðflokki sem geta rýrt verndargildi svæðanna. Dæmi eru um að orkufyrirtækin hafi spillt dýrmætum svæðum með rannsóknnum af þessu tagi og má þar nefna rannsóknarboranir við Trölladyngju á Reykjanesskaga. Í markmiðum frumvarpsins kemur fram að rammaáætlun sé ætlað að taka tillit til nokkurra þátta, s.s. verndargildis náttúru, haga verður rannsóknnum þannig að rannsóknir á einum þætti (s.s. afkastagetu jarðhitasvæða) rýri ekki vægi annarra þátta sem áætluninni er ætlað að fjalla um. Með því að skipta orðinu „orkurannsóknir“ út fyrir orðið „yfirborðsrannsóknir“ í ákvæðinu yrði komið í veg fyrir það að orkufyrirtækin geti haldið áfram að ná sínu fram með því að rýra verndargildi svæðanna með landslagsraski og náttúruspjöllum áður en tími gefst til þess að leggja mat á verndargildið.

6. gr.


“Þrátt fyrir 2. mgr. er unnt að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar að heimila yfirborðsrannsóknir á svæðum í verndarflokki”.

NSS telur að skýrt verði að koma fram að yfirborðsrannsóknir á svæðum í verndarflokki og á friðlýstum svæðum séu ekki framkvæmdar í þágu orkurannsóknna.

Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins kemur fram að verkefnisstjórn sem skipuð var af iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra 24. ágúst 2007 eigi að skila tillögum sínum til iðnaðarráðherra. Í verkefnisstjórninni situr m.a. Unnur Brá Konráðsdóttir sem hefur þegar mótað sér afstöðu um tiltekna virkjanamöguleika og reynt að vinna skoðunum sínum fylgis sem fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um aðgerðir til að hvetja til fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi (þingskjal 13). Tillagan fjallar með afgerandi hætti um mál sem verkefnisstjórn rammaáætlunar er ætlað að fjalla um að fengnum þeim upplýsingum og gögnum sem afla þarf til þess að afstaðan geti talist faglega ígrunduð. Sami fulltrúi er jafnframt einn af flutningsmönnum lagafrumvarps um virkjun neðri hluta Þjórsár (þingskjal 934) þar sem berum orðum er lagt til Landsvirkjun skuli „hefja framkvæmdir hið fyrsta“ þrátt fyrir að vinnu við rammaáætlun sé ekki lokið. Óhugsandi er að þingmaður sem flytur mál af þessu tagi á meðan á vinnu rammaáætlunar stendur geti talist hlutlaus og hæfur til setu í verkefnisstjórn rammaáætlunar. Vandamálið má leysa með því að annað hvort verði nýr fulltrúi skipaður í hennar stað eða með því að skipa nýja verkefnisstjórn skv. 8. gr.

Virðingarfyllt,

F.h. Náttúruverndarsamataka Suðurlands



Ólafía Jakobsdóttir formaður